

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu M101 fimmtudaginn 26. maí 2016 og hófst kl. 14:00. Rektor setti fund og skipaði Júlí Ósk Antonsdóttur fundarstjóra og Hermann Óskarsson sem fundarritara. Um 50 starfsmenn voru mættir til fundar og gerðu ekki athugasemd við skipan fundarstjóra og ritara. Fundarstjóri setti fund og fór yfir dagskrá fundarins, fyrstur á mælendaskrá var rektor Háskólans á Akureyri, Eyjólfur Guðmundsson.

1. Ársskýrsla Háskólans á Akureyri 2015 kynnt, Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Rektor fór fyrst nokkrum almennum orðum um ársskýrsluna og árið 2015. Þetta var ár samstarfs og samninga. Meðal annars voru gerðir samstarfssamningar um nám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum og um nám í heilsugæslu í héraði. Gerður var samstarfssamningur milli HA, HÍ og vestnorrænna skóla um þverfaglegt meistaranám í vestnorrænum fræðum. Þá var gerður samningur við HR um tölvunarfræði við HA í samstarfi við SATA. Vísindaskóli unga fólksins var starfræktur í góðu samstarfi samstarfsaðila, styrktur af fyrirtækjum, og verður svo áfram.

Árið 2015 var einnig ár umbreytinga, nýrra forsendna og framtíðar. Rektor rakti mikilvægi þess að háskólinn öðlaðist rétt til að bjóða upp á doktorsnám og að brautskrá doktora. Sú breyting myndi hafa afar mikla þýðingu fyrir háskólastarfið allt. Nýtt háskólaráð hefur verið skipað og fyrstu skref tekin í átt að nýrri stefnumótun. Núverandi stefna gildir til 2017 en næsta stefna mun gilda frá 2018 til 2023. Það er hins vegar beðið eftir stefnu stjórnvalda í málefnum HA og raunar háskólastigsins alls, sem tengist breytingum á fjármálum hins opinbera.

Rektor vakti máls á umhverfi háskólanna, mannfjöldapróuninni í landinu, styttingu framhaldsskólans, framtíðarhorfum háskólasamfélagsins og hlutverki og stöðu Háskólans á Akureyri í því samhengi. Rektor benti á að HA þjónaði nemendum af öllu landinu, en nemendasamsetningin væri almennt körlum í óhag, þar sem konur væru um $\frac{3}{4}$ nemenda. Skipting karla og kvenna meðal nemenda væri hins vegar þannig að sum námsform höfðuðu meira til annars kynsins. Þessu þyrfti að mæta með viðeigandi hætti til að reyna að jafna kynjahlutföllin. Rektor benti á að samkeppni háskólanna um nemendur væri að aukast og að samtímis fjölgaði námstækifærum. Hann tók dæmi, sem hann sótti á vefinn máli sínu til staðfestingar, upplýsingaveituna Coursera sem e.t.v. mætti líkja við og kalla Netflix háskólamenntunar. Háskólinn á Akureyri er vel búinn fyrir þessa samkeppni með áherslu á fjarnám, staðarnám og stefnt sé á sveigjanlegt nám. Þessi námsform yrðu áfram í þróun og því til stuðnings yrði áhersla lögð á frekari uppbyggingu kennslumiðstöðvar, uppfærslu búnaðar og samhæfingu aðferða. Háskólinn er m.ö.o. reiðubúinn að mæta aukinni samkeppni og væntanlegum lýðfræðislegum breytingum, að mati Eyjólfssonar rektors.

Í umræðu sinni um umhverfi háskólanna benti rektor á ný lög um fjármál hins opinbera og einkum þá grein laganna þar sem fjallað er um stefnumótun fyrir ólík málavíð. Þar er kveðið á um: Að stefna skuli falla innan ramma stefnu ráðuneytis; að stofnun hafi mælikvarða til að sýna fram á árangur í samræmi við stefnumótun sína; að ráðherra staðfesti stefnu og þá fjármögnun sem þarf til að fylgja þeirri stefnu eftir; og loks að um sé að ræða árlega áætlanagerð sem byggji á annars vegar þriggja og hins vegar fimm ára fjárhagsáætlunum. Núverandi stefna HA rennur út afmælisárið 2017 og stefnt er að kynningu nýrrar stefnu háskólans á afmælisárinu. Endurskoðun stefnunnar hefur verið á ábyrgð yfirstjórnar háskólans, m.a. með samtali á háskólafundi, starfsmannafundi undir handleiðslu

Capacent og í samtölum við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Rektor tók nokkur dæmi um framvindu þessarar vinnu varðandi framtíðarsýn HA til 2023.

Í sambandi við fjármögnunarumhverfi háskólastarfseminnar kynnti rektor fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2017 til 2021. Áætlunin sem er upp á 220 blaðsíður er til 5 ára en verður endurskoðuð ár hvert. Hún nær til ráðuneyta og stærri málefnasviða og er háskólastigið eitt slíkt svið. Sviðið greinist í háskóla, rannsóknasjóði og LÍN. Rektor benti á að samkvæmt áætluninni varðandi háskólastigið þá sé einungis gert ráð fyrir lítilsháttar breytingu á framlögum til háskólamála til ársins 2019 og eftir það munu framlög til háskólanna standa í stað. Þannig sé augljóslega ekki gert ráð fyrir að þróun fjármögnunar háskólanna nái meðaltali OECD ríkjanna 2016 né meðaltali Norðurlandanna árið 2020.

Við lok árs 2015 er Háskólinn á Akureyri fullgildur háskóli sem skortir einungis endanlega staðfestingu með doktorsnámi. Hann er vel tengdur nærsamfélagi sínu og þjónar öllum byggðum landsins. Háskólinn er að færast á fullorðinsár, er að nálgast fertugsaldurinn, verður þrítugur á næsta ári, og horfir fram á miklar breytingar á starfsumhverfi sínu. Spurningin er ekki hvort heldur hversu miklar breytingar eru framundan á háskólakerfinu. Framundan er ný stefnumótun til 2023 þar sem endurskoðuð verða markmið, áætlanir, aðgerðir og mælikvarðar háskólans. Áhersla verður lögð á næstu árum á tækninám og jöfnun kynjahlutfalla á öllum fræðasviðum. Þá verður áhersla á uppbyggingu doktorsnáms samfara dýpkun á núverandi fræðasviðum og stefnt á raunhæfa fjármögnun til að minnsta kosti þriggja ára í senn.

Boðið var upp á fyrirspurnir í lok þessa dagskrárliðar.

Þorlákur Axel Jónsson spurði rektor hvort hann kæmi auga á tækifæri í því nýja umhverfi fjármögnunar sem skólinn stæði frammi fyrir. Rektor taldi svo ekki vera.

Árni Friðriksson spurði rektor um hvað væri til ráða varðandi kynjahalla nemendahópsins. Rektor svaraði því til að hvoru tveggja þyrfti að koma til nýtt námsframboð og að markvisst yrði höfðað til kynjanna í markaðssetningu náms við háskólann.

Sigfríður Inga Karlsdóttir vakti máls á áformum hjúkrunarfræðibrautar að vinna að því að fá fleiri karla inn í námið.

Rúnar Gunnarsson spurði rektor hvort stjórnvöld hafi markað sér einhverja stefnu í alþjóðamálum í tengslum við háskóla í landinu þegar kemur skólagjöldum, sérstaklega fyrir nemendur utan Evrópusambandsins. Rektor svaraði því til að þetta hafi oft verið í umræðunni en ekki væri búið að taka neina ákvörðun í því sambandi.

2. Ársreikningur háskólans 2015 kynntur, rekstrarhorfur, Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri.

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri HA gerði grein fyrir rekstri háskólans árið 2015. Hann segir reksturinn innan fjárlaga og hafi skilað nokkrum tekjuafgangi. Samkvæmt rekstrarreikningi var tekjuafgangur ársins 2015 tæpar 12 milljónir. Í árslok 2013 greiddi háskólinn upp uppsafnaðan rekstrarhalla sem fylgt hefur háskólanum frá árinu 2001 og frá þeim tíma hefur safnast upp nokkur tekjuafgangur tvö ár í röð. Samkvæmt efnahagsreikningi er höfuðstóllinn í árslok 2015 17,5 milljónir.

3. Rektor kveður þá starfsmenn sem láta af störfum vegna aldurs.

Þrír starfsmenn láta að þessu sinni af störfum vegna aldurs, þau eru: Dr. Ingvar Teitsson dósent, Jónína Sturludóttir verkefnastjóri og dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir prófessor. Rektor fór nokkrum orðum um starfsferil hvers og eins, þakkaði gott starf í þágu Háskólans á Akureyri. Síðan fékk viðkomandi starfsmaður blómavönd og var hylltur með dynjandi lófaklappi fundarmanna.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

5. Rannsóknir starfsmanna HA árið 2015, veggspjalda- og bókasýning í Miðborg.

Fundarmönnum var bent á yfirlitssýningu rannsókna starfsmanna á starfsárinu, greinar, bókarkafla, bækur og önnur hugverk í Miðborg háskólans. Þar var einnig boðið upp á veitingar að fundi loknum.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fundarsetuna og bauð upp á kaffi og með því að fundi loknum. Fundi slitið kl. 15:45.

Hermann Óskarsson, fundarritari